

Hampiðjan

Ársreikningur 2011

Allar fjárhæðir í evrum og samanburðartölur fyrra árs í sviga.

- Rekstrartekjur jukust um 9% og voru 42,4 milljónir (39,0 milljónir).
- EBITDA af reglulegri starfsemi, var 6,9 milljónir (6,0 milljónir).
- Söluhagnaður rekstrarfjármuna var 1,4 milljónir (0 milljónir).
- Hlutdeild í hagnaði HB Granda var 3,5 milljónir (0,7 milljónir).
- Hagnaður ársins var 7,3 milljónir (2,6 milljónir).
- Heildareignir voru 79,5 milljónir (80,3 milljónir).
- Vaxtaberandi skuldir voru 25,6 milljónir (33,7 milljónir).
- Eiginfjárhlutfall var 58% (51%).

Rekstur

Rekstrartekjur samstæðunnar voru 42,4 milljónir og jukust um 9% frá árinu áður. Rekstrarhagnaður af reglulegri starfsemi var 12,2% af rekstrartekjum eða 5,2 milljónir en var 10,7% í fyrra eða 4,2 milljónir. Fjármunatekjur ásamt hlutdeild í hagnaði HB Granda að frádregnum fjármagnsgjöldum voru 1,9 milljónir til tekna en voru 1 milljón til gjalda á fyrra ári.

Hagnaður ársins, eftir að tillit hefur verið tekið til taps vegna aflagðrar starfsemi í Namibíu, var 7,3 milljónir en hann var 2,6 milljónir árið 2010.

Efnahagur

Heildareignir voru 79,5 milljónir í árslok. Eigið fé nam 46,2 milljónum, en af þeirri upphæð eru 5,4 milljónir hlutdeild minnihluta í eigin fé tveggja dótturfélaga. Hlutfall eigin fjár, þegar hlutdeild minnihluta er meðtalin, var í árslok 58% af heildareignum samstæðunnar.

Vaxtaberandi skuldir námu í árslok 25,6 milljónum og lækkuðu um 8,1 milljón frá ársbyrjun.

Jón Guðmann Pétursson, forstjóri:

„Venjulega er seinni hluti ársins töluvert lakari hjá okkur en sá fyrri, en sú varð ekki raunin að þessu sinni. Veruleg aukning var í sölu ofurkaðla á seinni hluta ársins, ekki síst til olíuiðnaðar, og var afkastageta Hampiðjunnar í Litháen fullnýtt í þeim vörum allan síðari helming ársins og er reyndar enn. Þá var óvenju góð sala seinni hluta ársins hjá móðurfélaginu á veiðarfærum til bæði makríl- og loðnuveiða. Dótturfélögin voru öll rekin með jákvæðri afkomu á árinu og í heildina tekið var rekstrarárangur ársins góður. Til viðbótar naut félagið verulegs hlutdeildarhagnaðar frá HB Granda, en hann var 3,5 milljónir og jókst um 2,8 milljónir frá fyrra ári.

Hampiðjan seldi á árinu einkaleyfi og vöruheiti tengd toghlerum og var hagnaður af því 1,4 milljónir. Þá var dótturfélagið í Walvis Bay í Namibíu selt fyrir um eina milljón og sölustarfsemi á ofurköðlum, sem áður var á hendi dótturfélags í Noregi, var flutt til móðurfélagsins á Íslandi. Helsta fjárfesting ársins var kaup á stærstu kaðlafléttivél sem smíðuð hefur verið og er nú verið að ljúka uppsetningu hennar í Litháen.“

Reykjavík 16. mars 2012,
Hampiðjan hf.

Ársreikningurinn er á heimasíðu Hampiðjunnar hf., www.hampidjan.is.